

SAMKOMULAG

um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu árin 2012-2015.

1. gr.

Aðilar og verkefni

Aðilar þessarar stefnumörkunar eru: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, SÍK Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna (FK) og Samtök kvikmyndaleikstjóra (SKL).

Í þessari stefnumörkun eru tilgreindar helstu áherslur aðila um markmið og tillögur um opinber framlög til kvikmyndamálefna á Íslandi árin 2012-2015, að báðum meðtöldum.

2. gr.

Áherslur

1. Að hlúa að íslenskrri menningu og tungu í kvikmyndum og skyldum miðlum með eftirfarandi hætti:
 - a. Að viðhalda framboði á kvikmynduðu íslensku efni í öllum helstu miðlum sem sýna íslensk verk.
 - b. Að mennta- og menningarmálaráðuneyti vinni að aðgerðaráætlun í samvinnu við Kvikmyndamiðstöð Íslands, Kvikmyndasafn Íslands og Námsgagnastofnun um að færa kvikmyndaþæsi í námskrá grunnskóla.
 - c. Að nýta hugsanlegar undanþágur frá reglum EES-samningsins um hámark opinbers fjárstuðnings við kvikmyndagerð.
2. Að þróa áfram sveigjanlegt styrkjakerfi sem hvetur til fjölbreytni og endurnýjunar.
3. Koma á fót miðastyrkjum sem greiddir eru eftir sýningar á íslenskum kvikmyndum í kvikmyndahúsum á Íslandi. Styrkirnir skulu vera ákveðið hlutfall af miðaverði og miðast við fjölda seldra aðgöngumiða á kvikmyndasýningar. Heildarstyrkir geti ekki orðið hærri en fjárveitingar Alþingis í fjárlögum.
4. Að styðja við kvikmyndahátíðir og stuðla að auknu framboði á kvikmyndum frá öllum heimshornum.

Að stunda framsækna og vandaða alþjóðlega markaðssetningu á íslenskrri kvikmyndagerð.
5. Undanþága frá greiðslu virðisaukaskatts af sölu aðgöngumiða á sýningar á íslenskum kvikmyndum verður afnumin.

Kvikmyndamiðstöð / Framleiðsla

Kvikmyndamiðstöð Íslands stefnir á að viðhalda og þróa framsækna og fjölbreytta kvikmyndamenningu á Íslandi. Stefnt er að því að leggja áherslu á barna- og fjölskyldumyndir í fullri lengd með væntingar um að myndir í þeim flokki verði framleiddar annað hvert ár að minnsta kosti.

Stefnt er að því að framlög úr ríkissjóði til Kvikmyndasjóðs á því tímabili sem stefnumörkunin nær yfir verði í samræmi við töflu hér að neðan.

Áætlun um ríkisframlög í milljónum kr. með fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárlögum ár hvert

Kvikmyndasjóður	Hlutfall	2012	2013	2014	2015	Samtals
Leiknar kvikmyndir (langar, stuttar og samframleiðsla)	65%	325	344,5	390	455	1.514,50
Heimildamyndasjóður	17%	85	90,1	102	119	396,1
Leikið sjónvarpsefni	18%	90	95,4	108	126	419,4
Samtals		500	530	600	700	2330
<hr/>						
Annað		2012	2013	2014	2015	Samtals
Kvikmyndamiðstöð Íslands **	x	81,8	81,8	81,8	81,8	327,2
Miðastyrkir *	x	15	30	30	30	105
Framlög til kvikmyndahátíða og kvikmyndahúsa sem leggja áherslu á listrænar kvikmyndir	x	17	18	19	21	75
Framlög til endurnýjunar eldri kvikmynda	x	0	10	10	10	30
Kvikmyndasafn Íslands **	x	48,4	48,4	48,4	48,4	193,6
Samtals	x	162,2	188,2	189,2	191,2	730,8
<hr/>						
Heildarupphæð		662,2	718,2	789,2	891,2	3.060,80

Skýringar við töflu:

Gert er ráð fyrir að ríkisframlög til kvikmyndagerðar hækki í áföngum frá 2012 til 2015.

* Miðastyrkir: Vísað er til 2.3

** Fjárhæð tekur mið af fjárlögum 2012. Gert er ráð fyrir að hún uppfærist í samræmi við verðlags- og launaforsendur fjárlaga hvers árs.

4. gr.

Ríkisútvarpið

Með nýjum lögum um Ríkisútvarpið verður samningur um útvarpsþjónustu í almannapágu milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins endurskoðaður. Meðal markmiða þeirrar endurskoðunar verður að efla hlutverk Ríkisútvarpsins sem þátttakanda í íslenskri kvikmyndagerð. Liður í því er að stuðla að nýsköpun og auka hlutfall þjónustutekna Ríkisútvarpsins sem varið verður til kaupa á efni frá sjálfstæðum íslenskum kvikmyndaframleiðendum.

5. gr.

Stafrænar kvikmyndir

Fyrirsjáanlegt er að innan fárra missera verði kvikmyndir einungis sýndar og þeim dreift með stafrænum hætti. Hraða þarf umskiptunum yfir í stafrænan sýningarbúnað með aðstoð við smærri kvikmyndahús og kvikmyndahús sem sýna listrænar myndir. Einkum skal litið til þarfa landsbyggðarinnar í þessum efnum.

6. gr.

Kvikmyndaarfurinn

Brýnt er að bjarga frumeintökum íslenskra kvikmynda. Hefjast skal handa um átak til að koma kvikmyndaarfinum yfir á stafrænt form. Gera skal ráð fyrir mynd- og hljómgæðum sem henta í kvikmyndahúsum en ekki aðeins til sýninga í sjónvarpstækjum. Mennta- og menningarmálaráðuneyti mun stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að fjalla um stafræna yfirfærslu kvikmyndaarfsins, endurnýjun eldri kvikmynda og ráðstafanir til að vernda nýjar myndir sem eru aðeins framleiddar og sýndar stafrænt. Kvikmyndasafn Íslands skal skv. lögum hafa umsjón með þessari framkvæmd í samvinnu við Kvikmyndamiðstöð Íslands.

7. gr.

Kvikmyndamenntun

Þekking og hæfni er undirstaða áframhaldandi sóknar og uppbyggingar í íslenskri kvikmyndagerð. Mennta- og menningarmálaráðuneyti mun ráðast í stefnumörkun um kvikmyndamenntun sem fara mun fram í samráði við fagfélög á sviði kvikmyndagerðar, Kvikmyndamiðstöð Íslands og aðra tengda aðila.

8. gr.

Endurskoðun

Fyrir árslok 2013 geta aðilar samkomulags þessa óskað eftir endurskoðun samkomulagsins.

9. gr.

Fyrirvari um samþykki Alþingis

Allar framangreindar fjárskuldbindingar eru með fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárlögum ár hvert.

Reykjavík 8. desember 2011

Mennta og menningarmálaráðherra

Fjármálaráðherra

Samtök kvikmyndaleikstjóra (SKL)

**Samband íslenskra
kvikmynda-
framleiðenda (SÍK)**

Félag kvikmyndagerðarmanna (FK)

Álitsgerð Kvikmyndaráðs

Árið 2006 gerðu menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og samtök í íslenski kvikmyndagerð með sér samkomulag, að mörgu leyti hliðstætt því sem hér er kynnt, fyrir tímabilið 2007-2010:

Samkomulag um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð.

Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra og samtök í íslenski kvikmyndagerð.
Reykjavík, 14. nóvember 2006.

http://www.kvikmyndamidstod.is/Kvikmyndasjodur/Umsoknir/Samkomulag_umkvikmyndagerd/

Þróun efnahagsmála frá og með árinu 2008 olli því að samkomulagið var skert og dregið verulega úr opinberum fjárveitingum til þessa málaflokks.

Mennta- og menningarmálaráðherra fól Kvikmyndaráði í upphafi árs 2011 að gera tillögu um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu fyrir árin 2012 - 2015.

Í þessu nýja samkomulagi er lagt til að sókn sé hafin að nýju og á fjölbreyttari máta. Þar er dregið á mörg viðfangsefni og tekið tillit til nýrra þátta sem ekki voru í fyrra samkomulagi um íslenska kvikmyndagerð en aðaláherslan er lögð á kvikmyndagerðina. Utan við samkomulagið eru ýmis önnur opinber framlög til kvikmyndamálefna, m.a. til Kvikmyndasafns Íslands, til menntunar á sviði kvikmyndagerðar og til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Til upplýsinga um stöðu kvikmyndamálefna á Íslandi er sérstaklega bent á nýja skýrslu sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið:

Íslensk kvikmyndagerð fyrir íslenska menningu, áhorfendur og tungu.

Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi. Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti af starfshópi um starfsskilyrði og menningarlegt gildi kvikmyndagerðar á Íslandi vorið 2010.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5806>

Einnig er mikið upplýsingasafn að finna í:

Dr. Margrét Sigrún Sigurðardóttir, Tómas Young: **Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina.** Maí 2011. Samráðsvettvangur skapandi greina ásamt mennta- og menningarmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og Íslandsstofu.

http://www.uton.is/frodleikur/skyrsla-um-kortlagningu-a-hagraenum-ahrifum-skapandi-greina/attachment/kortlagning_2011

Sömuleiðis er safn af heimildum og upplýsingaefni í Dr. Ágúst Einarsson: *Hagræn áhrif kvikmyndalistar.* Háskólinn á Bifröst 2011.

Um undanþágur

Í reglum Evrópusambandsins og EES-samningnum eru almenn ákvæði um að opinber stuðningur við gerð kvikmynda megi að hámarki nema 50% af heildarframleiðslu- og dreifingarkostnaði hennar. Jafnframt eru í gildi sérákvæði um að aðildarþjóðirnar geti nýtt sér undanþágur sem hækka þetta hlutfall vegna tiltekinna aðstæðna. Aðildarlöndin leggja sjálf mat á hvort og hvernig þessi ákvæði eiga við í hverju tilviki fyrir sig.

Af Íslands hálfu hefur þessi möguleiki ekki verið nýttur en margar af forsendum hans eiga þó vel við aðstæður hérlendis. Má þar nefna: Lítið málsvæði, lítið framleiðslufé, lítil líkindi

til verulegrar aðsóknar eða dreifingar þrátt fyrir ótvírætt menningarlegt gildi, lítill markaður fyrir heimildamyndir og myndir fyrir börn og unglinga.

Í Noregi er þakið almennt miðað við 50% en við 75% um kvikmyndir sem gerðar eru fyrir lítið fjármagn og hafa takmarkaða möguleika á markaði. Kvikmynd er talin hafa takmarkaða markaðsmöguleika ef eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum eiga við um hana:

- a) Tal í myndinni er meira en 50% á norsku eða samísku;
- b) Myndin er augljóslega listræns eðlis;
- c) Í myndinni er notað tilrauna- eða nýjungakennt kvikmyndamál;
- d) Myndin hefur að aðalviðfangsefni norska menningu eða sögu;
- e) Myndin er einkum ætluð börnum og unglingum og byggð á frumhandriti eftir norskan handritshöfund.

Uppfylli kvikmyndin sérstök viðmið um listrænt gildi mega opinberir styrkir nema allt að 85% af kostnaði við gerð hennar. Benda má á dæmi um slíkar undanþágur víða um lönd. Í Póllandi eru sérákvæði um að *erfiðar kvikmyndir* megi fá allt að 90% opinbera styrki.

Íslenska samfélagið er með minnstu málsvæðum í heimi. Brýnt er að Íslendingar nýti sér ákvæðin um undanþágur frá 50% reglunni. Þetta hlutfall getur tekið til flestra opinberra framlaga til kvikmyndaverka, hvort sem um er að ræða t.d. stuðning á vegum Kvikmyndamiðstöðvar eða tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.

Um kvikmyndalestur og fjölmiðlalæsi

Í íslenskum grunnskólum eru bókmenntir skyldugrein og nemendur kynnast líka öðrum listgreinum. Þó kvikmyndin sameini allar listgreinar er hún lítt kynnt í skólakerfinu. Íslensk börn hafa því ekki jafnar forsendur til að leggja mat á kvikmyndir og bókmenntir meðan kvikmyndalestur er ekki kenndur í grunnskóla. Myndlæsi er undirstaða þess að skilja fjölmiðla og einn grunnþátta fjölmiðlalæsis. Kvikmyndalæsi ýtir undir gagnrýna hugsun, eykur skilning barna á aðstæðum annarra og gerir þau víðsýnni. Einnig er hægt að nýta kvikmyndir sem ítarefni í samþættingu við aðrar greinar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, í samvinnu við Kvikmyndamiðstöð Íslands, Kvikmyndasafn Íslands og Námsgagnastofnun, vinni að aðgerðaráætlun sem hefur það markmið að innleiða kvikmyndalestur í námskrá grunnskóla, útbúa námsefni og kennsluleiðbeiningar. Það sé gert með hliðsjón af markmiðslýsingu í 1. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla.

Um kvikmyndahátíðir

Undanfarin ár hefur safnast upp mikil þekking á skipulagi og rekstri kvikmyndahátíða víða um land. Mikilvægt er að þessi þekking glatist ekki heldur nýtist í framtíðinni. Sú ímynd sem hefur verið byggð upp erlendis þarf að vaxa og dafna.

Um virðisaukaskatt

Með breyttri skilgreiningu ríkisskattstjóra á undanþágu á virðisaukaskatti á íslenskum kvikmyndum hefur dregið verulega úr tekjumöguleikum kvikmyndageirans. Benda má á dæmi erlendis þar sem brugðist er við þessu til leiðréttingar, t.d. í Noregi og í Frakklandi.

Um markaðsmál

Íslenskar kvikmyndir eru fjárhagslega háðar alþjóðamörkuðum. Aðilar samkomulagsins munu fylgjast með þróun nýrra fjármögnunar- og söluleiða.

Íslensk kvikmyndagerð á í harðri samkeppni. Því er nauðsynlegt að skapa heilbrigðan grunn að innlendra fjármögnun, með framlögum úr einkageiranum, þátttöku sjónvarpsstöðvanna í fjármögnun og opinberum framlögum undir stjórn Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

Með alþjóðavæðingu aukast kröfur til íslenskrar kvikmyndagerðar. Því er brýnt að viðhaldið verði því góða orðspori sem íslenskar kvikmyndir og fagfólk í greininni hafa áunnið sér erlendis. Jafnframt skal tryggt að áfram verði framleidd kvikmynduð verk á Íslandi sem byggja á íslenskri tungu og menningu fyrir íslenska áhorfendur.

Unnið skal að aðgerðaáætlun, sem hefur það tvíþætta markmið að efla markaðsetningu á íslenskum kvikmyndum erlendis og til að kynna Ísland sem álitlegan framleiðslustað á kvikmyndum. Skoða skal þátttöku á kvikmyndamörkuðum, enn fremur sameiginleg kynningarmál allra aðila og nota stafræna miðla við sölu og markaðssetningu. Lagt er til að Kvikmyndamiðstöð Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og Íslandsstofa hafi samráð um áætlunina sem skal liggja fyrir eigi síðar en 6 mánuðum eftir undirritun þessa samkomulags.

Um Ríkisútvarpið

Samvinna á milli Ríkisútvarpsins og sjálfstæðra framleiðenda leiðir bæði til aukinna gæða í dagskrá sjónvarpsins og til þess að styrkja kvikmyndagerð í landinu. Stefnt skal að því að Ríkisútvarpið muni í vaxandi mæli taka þátt í fjármögnun verkefna sem framleidd eru utan félagsins, en eigi þá líka eðlilega hlutdeild í framkvæmdinni. Nauðsynlegt er að hlutur Ríkisútvarpsins í fjármögnun verkefna fari vaxandi.

Kaupverð sem Ríkisútvarpið greiðir fyrir fullunnin verkefni hefur farið lækkandi undanfarin ár. Mikilvægt er að þeirri þróun verði snúið við. Kaupverð heimildamynda skal miðast við framleiðslukostnað og umfang.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) skal það m.a. framleiða sjónvarpsefni og sýna íslenskt efni.

Í samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins ohf. um útvarpsþjónustu í almannabágu, dags 24. maí 2011, segir m.a.:

- *Grein 3.6. Dagskrárefni:* Ríkisútvarpið leggur áherslu á íslenskt efni og að vera vettvangur nýsköpunar í dagskrárgerð. Ríkisútvarpið skal styrkja og efla sjónvarpsþátta- kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum eða vera meðframleiðandi.
- *Grein 3.7. Börn og ungmenni:* Ríkisútvarpið skal gæta þess sérstaklega að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi. **Lög um Ríkisútvarpið ohf.** 2007. II. kafli. Hlutverk og skyldur. 3. gr. 6. Útvarpsþjónusta í almannabágu. <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/3909>

Fylgiskjal III, 11. mgr: Ríkisútvarpið er kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru sjónvarpsefni og ver til þess að lágmarki 4,2% af þjónustutekjum frá ríkinu árið 2011, 5% árið 2012 og 6% árið 2013. Að auki ver Ríkisútvarpið að lágmarki 2,5% af þjónustutekjum frá ríkinu til útvistunar þ.m.t. talsetningar á barnaefni. Sameiginlegt markmið samningaðila er að hlutfallið haldist og fjárhæðin hækki í samræmi við hækkun þjónustutekna Ríkisútvarpsins.

Um sjónvarpsstöðvar og aðra dreifingaraðila

Æskilegt er að íslenskar sjónvarpsstöðvar sýni innlent efni í vaxandi mæli, sem og efni frá sjálfstæðum evrópskum framleiðendum. Má í þeim efnum benda á kvaðir þær sem evrópsk samvinna leggur sjónvarpsstöðvunum á herðar, sbr. 33. og 34. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011:

- 33. gr. *Framboð myndefnis:*

Fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni í línulegri dagskrá skal kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma að frádregnum þeim tíma

sem varið er til fréttu, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsspjónustu og fjarkaupu.

Fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni eftir pöntun skal eftir því sem unnt er tryggja með viðeigandi aðferðum að íslenskt efni og annað evrópskt efni sé áberandi hluti af framboði hennar.

- 34. gr. *Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum:*

Fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni í línulegri dagskrá skal, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 33. gr., á ári hverju eða minnst

10% af árlegu dagskárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum.

Um stafrænar kvikmyndir

Íslensk kvikmyndagerð og áhorfendur eru háðir fjölbreyttri kvikmyndahúsamenningu með nútímalegum kvikmyndahúsum úti um allt land. Tilkoma stafrænna kvikmynda skapar algerlega nýja dreifingarmöguleika, en er líka mikil áskorun fyrir íslensk kvikmyndahús og áframhaldandi útbreiðslu íslenskra kvikmynda.

Tilkoma stafrænna kvikmynda er jafnframt tækifæri fyrir kvikmyndagerðarmenn, framleiðendur og dreifingaraðila til að bjóða áhorfendum íslenskt efni á nútímalegan hátt. Samhliða þessu er mikilvægt að viðhalda og styrkja kvikmyndahús á landsvisu til að tryggja sem víðtækasta dreifingu á íslenskum kvikmyndum.

HEIMILDIR

ÍSLAND

Samkomulag um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð.

Menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og samtök í íslenskri kvikmyndagerð. Reykjavík, 14. nóvember 2006.

<http://www.kvikmyndamidstod.is/Kvikmyndasjodur/Umsoknir/Samkomulagumkvikmyndagerd/>

Börn og kvikmyndalæsi. Íslensk kvikmyndagerð fyrir íslenska menningu, áhorfendur og tungu. Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi. Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis 2010, bls. 48-49.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5806>

Lög um Ríkisútvarpið ohf. 2007. II. kafli. Hlutverk og skyldur. 3. gr. 6. Útvarpsþjónusta í almannapágu.

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2007.006.html>

Reglugerð um útvarpsstarfsemi. VI. KAFLI. 20. gr. Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum.

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/050-2002>

Samningur um útvarpsþjónustu í almannapágu. Menntamálaráðuneyti og Ríkisútvarpið ohf. (RÚV). Maí 2011.

Ragnar Karlsson: **“Þróun fjölmiðlamarkaðarins”**. Í viðauka I með Frumvarpi til laga um fjölmiðla. (Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.) Þskj. 740 — 423. mál. Viðauki I, bls. 217- 372.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/pdf/0740.pdf>

Lög nr. 38/2011 um fjölmiðla.

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2011.038.html>

Íslensk kvikmyndagerð fyrir íslenska menningu, áhorfendur og tungu. Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2010.

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/F1731DFF72640C51002577DE00591F73/Attachment/skyrsl_kvikmyndam_2010.pdf

<http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/andmaeli.pdf>

UM KVIKMYNDALÆSI

Börn og kvikmyndalæsi. Íslensk kvikmyndagerð fyrir íslenska menningu, áhorfendur og tungu. Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi. Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis 2010, bls. 48-49.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5806>

Media Literacy. European Commission MEDIA.

http://ec.europa.eu/culture/media/literacy/index_en.htm

http://ec.europa.eu/culture/media/literacy/docs/factsheet_media_literacy.pdf

UM UNÐANÞÁGUR

Access to European Union Law. Assessment of aid schemes to cinema and TV production. 2.3. b (3).
<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:52001DC0534:EN:NOT>

Prosenttak for offentlig tilskudd til kinofilm. Norsk Filminstitut. FOR 2009-09-07 nr 1168: Forskrift om tilskudd til audiovisuelle produksjoner. Kapittel 2. Tilskudd til kinofilm. § 2-8. <http://www.lovdatab.no/cgi-wift/ldles?doc=/sf/sf/sf-20090907-1168.html>

Samproduktioner – långfilm/spelfilm, där Sverige är minoritetsland. Svenska Filminstitutet 2011.
<http://www.sfi.se/sv/varastod/Produktionsstod/Samproduktioner/>

Stödanvisningar. Finlands Filmstiftelse, 1.1.2009
<http://www.ses.fi/dokumentit/anvisningar.pdf>

Financing your Film / State Aid / Difficult and Low Budget Films. Irish Film Board.
http://www.irishfilmboard.ie/financing_your_film/Difficult_and_Low_Budget_Films/23

International Co-productions. Polish Film Institute (PISF).
<http://www.culturalpolicies.net/web/poland.php?aid=423>

UM KVIKMYNDAMENNTUN

Tillögur. Íslensk kvikmyndagerð fyrir íslenska menningu, áhorfendur og tungu. Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi. Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis 2010, bls. 58-59.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5806>

UM KVIKMYNDAMÁLEFNI Á NORÐURLÖNDUM

NORÐURLÖND

Scandinavian Think Tank On Films, Markets , Audiences And Film Policy.
Copenhagen 7-8 December 2010.
http://filmthinktank.org/fileadmin/thinktank_downloads/scandiTTrevise_2011.pdf

DANMÖRK

Filmaftale 2011-2014. Kulturministeriet, København.
<http://kum.dk/Documents/Kulturpolitik/Kunstarterne/Film/Filmaftale%202011-2014.pdf>

Ny bred filmaftale. Pressemeddelelse, 27. oktober 2010. Kulturministeriet, København.
http://www.dfi.dk/Service/OmDFI/~/_media/Sektioner/Om%20DFI/PM%20Filmaftale%202011-2014%20endelig.ashx

Mediepolitisk aftale 2011-2014. Kulturministeriet, København.
<http://www.kum.dk/da/Kulturpolitik/Medier/Mediaaftalen/>

DRs Public-Service kontrakt for 2011-2014 / Public Service-kontrakten . Danmarks Radio (DR). 28. jan. 2011.
http://kum.dk/Documents/Kulturpolitik/medier/DR/public_servicekontrakt.PDF

Nögletal – Facts & Figures 2002-2010.

<http://www.dfi.dk/FaktaOmFilm/Tal-og-statistik/Noegletal.aspx> Det Danske Filminstitut.

FINNLAND

Stödanvisningar. Finlands Filmstiftelse, 1.1.2009

<http://www.ses.fi/dokumentit/anvisningar.pdf>

NOREGUR

Prosenttak for offentlig tilskudd til kinofilm. Norsk Filminstitut. FOR 2009-09-07 nr 1168: Forskrift om tilskudd til audiovisuelle produksjoner. Kapittel 2. Tilskudd til kinofilm. § 2-8.

<http://www.lovdatab.no/cgi-wift/ldles?doc=/sf/sf/sf-20090907-1168.html>

SVÍÞJÓÐ

Regler för SVT, SR och UR. Myndigheten För Radio Och Tv, Stockholm.

<http://www.radioochtv.se/Tillsyn/Granskning-av-program/Reglerna/SVT-SR-och-UR/>

Samproduktioner – långfilm/spelfilm, där Sverige är minoritetsland. Svenska Filminstitutet 2011.

<http://www.sfi.se/sv/varastod/Produktionsstod/Samproduktioner/>

ÖNNUR LÖND

EVROPUSAMBANDIÐ

EUR-Lex - Access to European Union law. Assessment of aid schemes to cinema and TV production. 2.3. b (3).

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:52001DC0534:EN:NOT>

BRETLAND

Governance framework. The Charter, The Agreement, Protocols, Policies, Codes and Guidance. BBC Trust. 2011.

http://www.bbc.co.uk/bbctrust/about/how_we_govern/charter_and_agreement/

BBC – [upplýsingar um stofnunina]. 2006.

http://www.bbc.co.uk/bbctrust/assets/files/pdf/regulatory_framework/charter_agreement/royalchartersealed_sept06.pdf

ÍRLAND

Financing your Film / State Aid / Difficult and Low Budget Films. Irish Film Board.

http://www.irishfilmboard.ie/financing_your_film/Difficult_and_Low_Budget_Films/23

PÓLLAND

International Co-productions. Polish Film Institute (PISF).
<http://www.culturalpolicies.net/web/poland.php?aid=423>

Kvikmyndaráð 2009 - 2012

Ólafur H. Torfason, formaður, skipaður án tilnefningar
Sigríður Pétursdóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar,
Hrafnhildur Gunnarsdóttir, tilnefnd af Félagi kvikmyndagerðarmanna,
Ari Kristinsson, tilnefndur af Framleiðendafélaginu - SÍK,
Hilmar Oddsson, tilnefndur af Samtökum kvikmyndaleikstjóra,
Þorvaldur Árnason, tilnefndur af Félagi kvikmyndahúsaeigenda,
Ágúst Guðmundsson, tilnefndur af Bandalagi íslenskra listamanna.

Gestir á fundum Kvikmyndaráðs

Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
Bjarni Guðmundsson, Ríkisútvarpi
Elfa Ýr Gylfadóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti

Elías Jón Guðjónsson, mennta- og menningarmálaráðuneyti
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Námsgagnastofnun
Laufey Guðjónsdóttir, Kvikmyndamiðstöð
Leifur Eysteinnsson, mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sigrún Stefánsdóttir, Ríkisútvarpi